



## EFNI:

Heilsa og líðan  
Íslendinga greind  
niður á  
heilbrigðisumdæmi

bls.  
1

### Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir  
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

### Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

### EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa  
fréttabréfs, sé heimildar getið.

## HEILSA OG LÍÐAN ÍSLENDINGA GREIND NIÐUR Á HEILBRIGÐISUMDÆMI

Embætti landlæknis lagði í október 2012 spurningalista fyrir rúmlega 10.000 Íslendinga þar sem m.a. var spurt um heilsu, heilsutengda hegðun og félagslegan bakgrunn þátttakenda. Svarhlutfall var 67%. Svipuð spurningalistakönnun var lögð fyrir árin 2007 og 2009. Rannsókninni er ætlað að nýtast til stefnumótunar og forgangsroðunar verkefna er lúta að heilsu landsmanna. Skýrsla um framkvæmd rannsóknarinnar og valdar niðurstöður, sem eru fyrst og fremst lýsandi, voru birtar í [framkvæmdaskýrslu](#) rannsóknarinnar á árinu 2014. Áfram er unnið úr niðurstöðum rannsóknarinnar 2012 og leitast við að koma niðurstöðum hennar á framfæri með margvíslegum hætti. Á [vef Embættis landlæknis](#) hafa nú verið birtar nokkrar töflur þar sem niðurstöður úr völdum spurningum eru birtar eftir [heilbrigðisumdæmunum](#) sjö sem kveðið er á um í [lögum um heilbrigðisþjónustu](#). Ein þessara taflna greinir frá niður-

stöðum spurningar um hvort þátttakendur hafi hætt við eða frestað heimsókn til læknis vegna kostnaðar og verður fjallað nánar um það málefni hér. Bornar eru saman tölur frá árunum 2009 og 2012 en ekki var spurt um þennan þátt árið 2007.

### Fleiri hættu við eða frestuðu heimsókn til læknis vegna kostnaðar árið 2012 samanborið við árið 2009

Frá árinu 2009 til 2012 fjölgaði nokkuð í hópi þeirra sem hættu við eða frestuðu heimsókn til læknis vegna kostnaðar.

Þrátt fyrir að það sé fremur fátítt að fólk hætti við eða fresti heimsókn til læknis vegna kostnaðar þá leiddi greining á gögnum í ljós að þeim fjölgaði nokkuð sem það gerðu frá árinu 2009 til 2012. Aukningin er í öllum aldurshópum og hjá báðum kynjum. Hlutfall karla sem hættu við eða frestuðu sökum kostnaðar jókst úr 3,7% í 5,8% og hlutfall kvenna jókst úr 5,0% í 8,5%. Yngra fólk frestar frekar heimsóknum vegna fjárhags en eldra fólk (sjá töflu 1).

Í töflu 2 eru niðurstöður greindar eftir stöðu fólks á vinnumarkaði. Þar sést að atvinnulausir, öryrkjar og þeir sem eru veikir eða tímabundið frá vinnu fresta helst eða hætta við heimsóknir til læknis vegna kostnaðar og fjölgaði þeim hlutfallslega á milli mælinga. Talsvert hærra hlutfall nemenda og heimavinnandi frestaði einnig lækniheimsókn árið 2012 samanborið við 2009. Það fækkaði hins vegar hlutfallslega í hópi atvinnurekenda og fólks í fæðingarorlofi sem frestaði heimsóknum.

		2009	Vikm. +/-*	2012	Vikm. +/-*
Karlar	18-44 ára	5,6%	(2,1)	8,3%	(2,0)
	45-66 ára	2,2%	(1,0)	3,5%	(1,0)
	67-79 ára	0,5%	(0,6)	1,7%	(0,9)
	Alls	3,7%	(0,9)	5,8%	(0,9)
Konur	18-44 ára	7,2%	(2,0)	12,2%	(1,9)
	45-66 ára	3,7%	(1,2)	5,1%	(1,1)
	67-79 ára	0,6%	(0,7)	2,6%	(1,1)
	Alls	5,0%	(0,9)	8,5%	(0,9)
Bæði kyn	18-44 ára	6,4%	(1,4)	10,2%	(1,4)
	45-66 ára	3,0%	(0,8)	4,3%	(0,8)
	67-79 ára	0,5%	(0,5)	2,2%	(0,7)
	Alls	4,4%	(0,6)	7,2%	(0,6)

**Tafla 1. Hlutfall karla og kvenna í tilteknum aldurshópum sem hættu við eða frestuðu heimsókn til læknis sl. 6 mánuði vegna kostnaðar (of dýrt).**

Heimild: Heilsa og líðan Íslendinga 2009 og 2012.

	2009	2012
Launþegi	4,3%	6,9%
Atvinnurekandi	2,5%	2,1%
Í námi	6,3%	13,8%
Heimavinnandi að meginstarfi	2,2%	8,1%
Í fæðingarorlofi	4,5%	3,5%
Veikur, tímab. ófær til vinnu	8,7%	15,0%
Á eftirlaunum	0,8%	2,2%
Atvinnulaus	9,9%	18,1%
75% öryrki	8,9%	14,9%

**Tafla 2. Hlutfall fullorðinna Íslendinga sem hættu við eða frestuðu heimsókn til lækni sl. 6 mánuði vegna kostnaðar (of dýrt) eftir stöðu þeirra á vinnumarkaði.**

**Heimild: Heilsa og líðan Íslendinga 2009 og 2012.**

Í töflu 3 má sjá að þeim sem hættu við eða frestuðu heimsókn til lækni vegna kostnaðar hefur hlutfallslega fjölgað í öllum heilbrigðis-umdæmum á milli þessara tveggja mælinga. Aukningin er þó aðeins marktæk á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og á landinu í heild. Ef á heildina er litið höfðu hlutfallslega flestir á Suðurnesjum hætt við eða frestað heimsókn af þessum sökum en fæstir á Austurlandi.

**Áþekkar niðurstöður hjá Hagstofu Íslands**

Hagstofa Íslands hefur um árabíl spurt fólk hvort og af hvaða ástæðum það hefur frestað heimsókn til lækni, annars vegar og til tannlækni hins vegar síðastliðna 12 mánuði. Þessi spurning er ein margra í svonefndri SILC-rannsóknarröð sem Hagstofa Íslands stendur fyrir hér á landi og er liður í samræmdri lífsskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC).

Á mynd 1 má sjá hlutfall karla og kvenna sem frestað hafa ferðum annars vegar til tannlækni

og hins vegar til lækni eða sérfræðings vegna kostnaðar.

Mynd 1 sýnir að eftir árið 2008 hefur orðið töluverð aukning á því að fólk fresti heimsóknum til tannlækna, lækna og annarra sérfræðinga. SILC-rannsóknin er á ýmsan hátt frábrugðin rannsókninni *Heilsa og líðan Íslendinga* frá árunum 2009 og 2012. Þess vegna eru tölurnar í mynd 1 ekki fyllilega samanburðarhæfar við tölur í töflu 1 og töflu 2.

**Samanburður ólíkra rannsókna**

Það er vissum annmörkuð háð að spyrja fólk um hegðun sína langt aftur í tímann og vert að hafa það í huga þegar niðurstöður eru túlkaðar. Fólk er með misgott minni og á því misauðvelt með að muna tímasetningar langt aftur í tímann. Í sumum rannsóknum er fólk spurt hvort það hafi frestað heimsókn til lækni síðastliðna 12 mánuði en í öðrum er stuðst við síðastliðna 6 mánuði til að treysta ekki um of á misgott minni þátttakanda.


\*95% vikmörk fyrir úrtak gefa til kynna neðri og efri mörk öryggisbils fyrir viðkomandi hlutfall (punktspá). Notast er við almenna jöfnu fyrir útreikinga á vikmörkum (Wald interval). Ef reiknuð vikmörk fara undir 0% eða upp fyrir 100%, sem augljóslega á ekki við, þá er réttast að túlka það sem svo að neðri mörk séu mjög nálægt 0% eða efri mörk mjög nálægt 100%.

	2009	Vikm. +/-*	2012	Vikm. +/-*
Höfuðborgarsvæðið	4,6%	(1,0)	7,5%	(0,9)
Suðurnes	5,4%	(2,6)	8,6%	(2,6)
Vesturland	4,7%	(2,3)	6,5%	(2,1)
Vestfirðir	0,9%	(1,8)	6,0%	(3,5)
Norðurland	4,5%	(1,6)	5,9%	(1,4)
Austurland	2,2%	(2,2)	4,3%	(2,4)
Suðurland	3,5%	(1,7)	8,1%	(2,0)
Landið allt	4,4%	(0,6)	7,2%	(0,6)

**Tafla 3. Hlutfall fullorðinna Íslendinga sem hættu við eða frestuðu heimsókn til lækni sl. 6 mánuði vegna kostnaðar (of dýrt) eftir heilbrigðisumdæmum.**

**Heimild: Heilsa og líðan Íslendinga 2009 og 2012.**

Rannsóknin *Heilsa og líðan Íslendinga* er póstkönnun sem framkvæmd var af Embætti landlæknis árið 2012 (18–84 ára) og áður árið 2009 (20–79 ára). Spurningin þar snýr að síðustu 6 mánuðum ólíkt því sem tíðkast í SILC-rannsókninni sem lýst er hér á eftir. Í póstkönnuninni eru svarmöguleikar gefnir fyrirfram og getur það mögulega haft áhrif á það hversu margir velja tiltekið svar. Spurt var: „Þurftir þú að fara til lækni einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en hættir við það eða frestaðir því?“ Svarmöguleikar voru



**Mynd 1. Hlutfall karla og kvenna sem frestað hafa ferðum annars vegar til tannlæknis og hins vegar til læknis, sérfræðings eða þess háttar, vegna kostnaðar.**

**Gögn: Úrvinnsla starfsmanna Hagstofu Íslands úr SILC-rannsókninni.**

m.a. „Kostnaður (of dýrt)“, „Ég vissi ekki til hvaða læknis ég ætti að leita“ og „Ég gat ekki fengið tíma hjá læknum nægilega fljótt“.

Framkvæmd SILC-rannsóknarinnar er lýst svo á [vef Hagstofu Íslands](#):

„Úrtak lífsgjararannsóknarinnar 2012 var 4.347 heimili. Eftir að þeir sem eru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.018 heimili. Svör fengust frá 3.091 heimilum sem er 77% svarhlutfall. Lífsgjararannsóknin var framkvæmd í mars til maí árið 2012.“

Um er að ræða símakönnun meðal fullorðinna Íslendinga. Spurt var: „Vorur einhver tilvik á síðustu 12 mánuðum þar sem þú leitaðir ekki til tannlæknis vegna þinnar eigin tannheilsu þótt þú hafir þurft á því að halda?“ Ef fólk svaraði játandi var framhaldsspurning: „Hver var aðalástæðan fyrir því að þú leitaðir ekki til tannlæknis?“ Svarmöguleikar voru ekki lesnir upp en spyrjar röðuðu svörum í fyrirfram gefna flokka. Einn nokkurra flokka var „Hafði ekki ráð á því, of dýrt“.

Á sama hátt var spurt „Vorur einhver tilvik á síðustu 12 mánuðum þar sem þú leitaðir ekki til læknis, sérfræðings eða þess háttar heilsu þinnar vegna?“

Ætla má að markvissara sé að fylgjast með breytingum á hlutfalli fólks sem tilgreinir að það hafi frestað eða hætt við heimsókn til læknis eða sérfræðings vegna þess að það „Hafði ekki ráð á því, of dýrt“ heldur en að fylgjast aðeins með þeim hópi sem almennt frestar eða hættir við heimsókn til læknis eða sérfræðings af ótilgreindum ástæðum.

Að lokum er bent á að vandasamt er að spyrja fólk um orsakir eigin hegðunar. Fólk tekur ákvarðanir í flóknu samspili efnahagslegra, félagslegra og persónulegra þátta. Hægt er að hugsa sér aðstæður þar sem samverkandi efnahagslegar og persónulegar ástæður verða til þess að fólk frestar heimsókn til læknis eða sérfræðings þar sem sumir tilgreina fjárhagslegar ástæður fyrir frestun heimsóknar en aðrir tilgreina e.t.v. aðra þætti.

**Stefán Hrafn Jónsson**  
**Sigríður Haraldsdóttir**